

Staðfesting ríkisstjóra fyrir „Det Danske Selskabs Studenterlegat“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómismálaráðherra 29. september 1943. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir Det Danske Selskabs Studenterlegat.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Det Danske Selskabs Studenterlegat“, og er stofnaður af félaginu „Det Danske Selskab“ í Reykjavík, til styrktar þeim stúdent, er á hverjum tíma býr í herbergi því í Nýja stúdentagarðinum, er kallast „Danmarks Værelse“.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er ísl. kr. 10.000,00, og skal það jafnan standa í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðrum ríkistryggðum verðbréfum, nafnskráðum á nafn sjóðsins. Sjóðinn má auka með frekari framlögum og gjöfum, er einnig skal varið í sams konar verðbréf og nafnskráð. Stofnféd og það, sem verður lagt til sjóðsins síðar, má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stúdent sá, danskur eða íslenzkur, er býr í herberginu „Danmarks Værelse“ á Nýja stúdentagarðinum, skuli í byrjun hvers semesters fá útborgaða hálfu vexti af sjóðeigninni. Fari svo, að vextirnir verði ekki greiddir eitthvert tímabil eða fleiri, sökum þess að ekki séu útborgunarskilyrði fyrir hendi leggjast þeir vextir við höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Alla stjórn sjóðsins annast Háskóli Íslands.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 23. september 1943.

Fr. de Fontenay,
sendiherra,
heiðursforseti.

O. Kornerup-Hansen,
Formaður.

K. A. Bruun,
varaformaður.

J. Jundegaard,
ritari.

A. Herskind,
gjaldkeri.

A. P. Nielsen

